



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 28. maí 2024, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Spretts

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmstöttir, Hermann Vilmondarson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir og Davíð Áskelsson. Fjarverandi var: Lárus Sindri Lárusson

### 1. Verkefni framkvæmdastjóra og mögulega aðstoð

Farið var yfir hvaða verkefni þarf að sinna næstu daga og vikur.

Kynbótasýningar: Fá þarf aðstoð við sýningarnar, vallarumsjón og sjá um mat fyrir starfsmenn sýninganna. Stjórn mun aðstoða við sýningarnar eins og fólk hefur tíma til.

Landsmót: Knapagjafir fyrir börn, unglina og ungmenni. Heyra í æskulýðsnefnd og yfirþjálfara. Að venju mun Sprettur borga skráningargjöld fyrir gæðingaflokkana. Katla tekur þetta.

Önnur verkerfi sem rædd voru:

- Tað og spónaköglar, Davíð

- Plastgámar, Haraldur

- Viðrunarhólf - Sigurbjörn

- Taka saman notkun á reiðhöllunum frá síðasta hausti til að sjá nýtingu þeirra og eins að bera saman við útsenda reikninga, eitthvað hefur farist á milli að rukka inn leigu á höllunum. Haraldur tekur þetta að sér.

### 2. Starf yfirþjálfara

Jónína lagði fram nýja starfslýsingu. Stjórnarmenn lesi hana yfir og komi með athugasemdir.

### 3. Reiðvegir og rekstrarhringur

Eftir samráð við reiðvega- og öryggisnefnd var ákveðið að banna notkun vélknúinna ökutækja á rekstrarhringjum og bílflautur. Stjórn er sammála að breyta fyrirkomulaginu og Jónína kemur með tillögu að texta fyrir notkun rekstrarhringja sem settur verður á vefinn. Þetta verður endurskoðað fyrir næsta vetur.

### 4. Forgangsröðun reiðhalla

Mikilvægt að fara í þetta mál sem fyrst. Mikilvægt að framkvæmdastjóri og yfirþjálfari komi að þessu máli ásamt Lárusi, Sigurbirni, Kötlunni og Haraldi frá stjórn. Einnig er mikilvægt að tryggja að notkun á reiðhöllunum standi undir kostnaði.

### 5. Önnur mál

Jónína á fund með bæjarstjóra Garðabæjar í næstu viku þar sem hún mun kynna sig og starfsemi Spretts.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson